

Samþykktir
Bændasamtaka Íslands
og þingsköp búnaðarþings

Reykjavík 2018

Samþykktir Bændasamtaka Íslands

I. kafli. Almenn ákvæði

1. grein

Samtökin heita Bændasamtök Íslands. Heimili þeirra og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Bændasamtök Íslands eru heildarsamtök íslenskra bænda. Aðild að samtökunum geta átt:

- Félög einstaklinga og lögaðila, sbr. 3. gr. a.
- Einstaklingar og lögaðilar, sbr. 3. gr. b.
- Lögaðilar, sbr. 3. gr. c.

3. grein. a.

Aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt félög einstaklinga og lögaðila sem stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota. Þessi félög nefnast aðildarfélög Bændasamtaka Íslands og þau eiga öll fulltrúa á búnaðarþingi og ársfundi, sbr. 11. gr.

Aðildarfélög geta verið:

- Svæðisfélög sem opin eru öllum sem stunda landbúnað á ákveðnu landsvæði. Starfssvæði skal að lágmarki vera ein sýsla miðað við skiptingu landsins í sýslur eins og hún var síðast í gildi.
- Félög sem starfa á landsvísu og eru mynduð um einstakar búgreinar, tiltekna búskaparaðferðir eða aðra sérstaka starfsemi í landbúnaði og eru opin öllum sem starfa á viðkomandi sviði.

Stjórn BÍ metur umsóknir nýrra aðildarfélaga og gerir tillögu til búnaðarþings eða ársfundar um afgreiðslu þeirra. Ekki skal veita félagi aðild ef annað félag er þegar aðili sem telja má að starfi á sama svæði og í sömu grein, nema sérstök rök hnígi til þess.

Aðildarfélög skulu halda aðalfund árlega og uppfylla ákvæði samþykta BÍ að öðru leyti.

3. grein b.

a) Fulla aðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar og lögaðilar sem þess óska og stunda búrekstur í atvinnuskyni eða vegna eigin nota, enda séu þeir félagar í a.m.k. einu aðildarfélagi samtakanna. Aðild samkvæmt þessum staflað veitir full réttindi fyrir tvo aðila.

b) Á búum þar sem a.m.k. einn einstaklingur eða lögaðili er félagsmaður í Bændasamtökum Íslands samkvæmt staflað a) skal full aðild einnig heimil öðrum þeim sem sannanlega standa að búrekstrinum.

c) Aukaaðild að Bændasamtökum Íslands geta átt þeir einstaklingar, 18 ára og eldri, sem búsettir eru á Íslandi og styðja markmið samtakanna.

Einungis félagsmenn með fulla aðild, sbr. staflaði a) og b), geta gegnt trúnaðarstörfum fyrir Bændasamtök Íslands.

3. grein c.

Sérstaka aukaaðild að samtökunum geta átt lögaðilar sem starfa við eða í tengslum við landbúnað. Aðild þessara félaga fylgir enginn atkvæðisréttur eða önnur félagsleg réttindi. Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands gerir aðildarsamninga við þessi félög.

4. grein

Búnaðarþing skal staðfesta aðild og samþykktir nýrra aðildarféлага með minnst 2/3 hlutum atkvæða þingfulltrúa en stjórn Bændasamtakanna staðfestir breytingar á samþykktum þeirra.

Í samþykktum aðildarféлага skal mælt svo fyrir að fullnægjandi félagaskrá fylgi ávallt endurskoðuðum ársreikningi samþykktum á aðalfundi. Bændasamtökin halda sameiginlega félagaskrá skv. upplýsingum frá aðildarfélögum sínum. Í samþykktum aðildarféлага skal jafnframt vera ákvæði um hvernig staðið skuli að vali á búnaðarþingsfulltrúum þeirra.

Aðalfundir aðildarféлага skulu haldnir einu sinni á ári og auk þess aukafundir eftir þörfum. Aukafundi skal halda ef meirihluti þeirra sem þar eiga rétt á sæti krefst þess.

5. grein

Félagar í Bændasamtökum Íslands, sbr. 3. gr. b. þessara samþykktu, skulu greiða félagsgjald.

Fyrir aðild, sbr. a-c lið 3. gr. þessara samþykktu, skal félagsgjaldið vera fast árgjald.

Aðilar sem standa að rekstri sem telst vera með ársveltu undir skilgreindri fjárhæð geta sótt um að greiða lægra félagsgjald. Umsókninni skal beint til stjórnar Bændasamtaka Íslands sem ákveður hvort á umsóknina verður fallist. Aðild samkvæmt þessari málsgrein veitir full réttindi fyrir einn aðila.

Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt í ákvörðunum sínum um fjárhæðir félagsgjalda að mæla fyrir fyrir um gjaldþrep miðað við veltu og/eða afslætti af þeim.

Ef félagar í viðkomandi aðildarfélagi greiða félagsgjöld sem eru samtals undir lágmarksfjárhæð, skal viðkomandi aðildarfélag greiða mismuninn til Bændasamtaka Íslands.

Einungis félagar sem greitt hafa félagsgjöld njóta réttinda sem félagsmenn í Bændasamtökum Íslands.

Stjórn Bændasamtaka Íslands ákveður fjárhæðir skv. 2., 3. og 5. mgr. Ákvörðun um þessar fjárhæðir skal staðfest á búnaðarþingi/ársfundi.

6. grein

Búnaðarþing getur með minnst 2/3 hlutum atkvæða þingfulltrúa vikið aðildarfélagi úr Bændasamtökum Íslands ef samþykktir þeirra eða starfsemi er ekki í samræmi við samþykktir þessar eða ef það þykir óhjákvæmilegt af öðrum ástæðum.

7. grein

Bændasamtök Íslands skulu vera málsvari bænda og vinna að framförum og hagsæld í landbúnaði. Í samræmi við þetta meginhlutverk greinist starfsemi samtakanna í fjóra meginþætti:

Þau beiti sér fyrir bættem kjörum bænda á öllum sviðum.

Þau annist leiðbeiningaþjónustu og sinni faglegru fræðslu í þágu landbúnaðarins.

Þau annist útgáfustarfsemi og miðlun upplýsinga sem varða bændur og hagsmuni þeirra.

Þau annist ýmis verkefni fyrir ríkisvaldið og aðra aðila sem tengjast hagsmunum bænda og landbúnaði, veiti umsögn um lagafrumvörp sem snerta landbúnaðinn og sinni öðrum verkefnum er varða hag bænda.

A.

Bændasamtök Íslands gæta hagsmuna bændastéttarinnar og sameina bændur um þá, með því m.a. að:

1. Móta stefnu í málefnum bænda og landbúnaðarins í heild.
2. Vera málsvari bændastéttarinnar gagnvart ríkisvaldinu og öðrum aðilum þjóðfélagsins sem stéttin hefur samskipti við.

3. Beita sér fyrir nýmælum í löggjöf og breytingum á eldri lögum er til framfara horfa og snerta bændastéttina og landbúnaðinn.
4. Fylgjast grannt með afkomu bænda og rekstrarskilyrðum landbúnaðarins og kappkosta með því að tryggja þeim lífskjör í samræmi við aðrar stéttir þjóðfélagsins.
5. Annast samningagerð af hálfu bænda, t.d. um framleiðslustjórn, verðlagningu búvara og kjör starfsfólks í landbúnaði.
6. Koma fram fyrir hönd íslenskra bænda gagnvart hliðstæðum samtökum erlendis og annast samskipti við þau eftir því sem ástæða þykir og tilefni gefast til.

B.

Einkahlutafélag sem er alfarið í eigu Bændasamtaka Íslands annast leiðbeiningaþjónustu og faglega fræðslu í þágu landbúnaðarins með því m.a. að:

1. Vinna að framförum í landbúnaði með því að ráða ráðunauta er hafi á hendi leiðbeiningar á hlutaðeigandi sviðum í samræmi við ákvæði búnaðarlaga og búnaðarlagasamnings.
2. Hafa með höndum framkvæmd mála er Alþingi eða ríkisstjórn felur þeim í samræmi við búnaðarlög og búnaðarlagasamning.
3. Vinna að kynbótastarfsemi, annast eða hafa umsjón með afkvæmaprófun kynbótagripa og er m.a. heimilt að eiga og reka búfjárræktarstöðvar.
4. Hlutast til um að gerðar séu hagnýtar rannsóknir og tilraunir á öllum sviðum landbúnaðarins.

Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt að leita til búnaðarþings um tilnefningu fjögurra manna í stjórn einkahlutafélagsins og fjögurra til vara. Formaður stjórnar einkahlutafélagsins skal vera sá sem er framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands hverju sinni.

Sala á hlutum í einkahlutafélaginu er óheimil nema með samþykki aukins meiri hluta fulltrúa á búnaðarþingi.

Stjórn Bændasamtaka Íslands skal árlega gefa út gjaldskrá samtakanna. Í henni skal tilgreina helstu þjónustupætti sem félagsmönnum og öðrum standa til boða, ásamt verði þeirra til félaga í Bændasamtökum Íslands, aukafélaga og annarra.

8. grein

Bændasamtök Íslands fara með fyrirsva framleiðenda búvara skv. lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Slíkt fyrirsva er þó heimilt að framselja með samningum til aðildarfélaga sem starfa í viðkomandi búgrein. Slíkir samningar mega þó ekki hindra stjórn samtakanna í að fjalla um og leysa málefni sem eru sameiginleg fleiri en einni búgrein.

Stjórn Bændasamtakanna skal gera verkaskiptasamninga við aðildarfélög sín. Stjórninni er svo heimilt að gera þjónustusamninga við önnur félög og félagasamtök sem á einhvern hátt tengjast landbúnaði. Skal jafnan leitast við að verkaskipting sé sem skýrust milli Bændasamtakanna og einstakra aðildarfélaga þannig að saman fari ábyrgð og forræði á þeim málaflokkum sem undir hvorn aðila heyrja.

9. grein

Bændasamtök Íslands skulu gæta þess að halda góðum tengslum við félög og félagasamtök sem aðild eiga að samtökunum, m.a. með því að trúnaðarmenn bændasamtakanna sitji aðalfundi þeirra. Þá skulu bændasamtökin boða til almennra bændafunda í samráði við aðildarfélög, eða eftir því sem þau telja þörf á.

II. kafli. Búnaðarþing og ársfundur

10. grein

Búnaðarþing er aðalfundur Bændasamtaka Íslands og fer með æðsta vald í öllum málefnum þeirra. Það skal halda annað hvert ár og heimilt er að halda aukaping. Skýlt er að kalla saman aukaping ef helmingur þingfulltrúa óskar þess. Búnaðarþing skal boða á tryggilegan hátt með minnst 30 daga fyrirvara og aukaping með minnst viku fyrirvara. Um leið og búnaðarþingsfulltrúar eru boðaðir til þingsins skal aðildarfélögunum jafnframt tilkynnt um það. Aðildarfélög geta sent mál til umfjöllunar á þinginu.

Frestur til þess rennur út 30 dögum fyrir þingsetningu. Stjórn Bændasamtaka Íslands er heimilt að víkja frá þessum fresti. Frekari skilyrði fyrir innsendingu mála má setja í þingsköp búnaðarþings.

Aðildarfélög greiða laun og upphald sinna fulltrúa á búnaðarþingi. Annan þingfararkostnað greiða Bændasamtök Íslands.

Í upphafi búnaðarþings skal flutt skýrsla um störf stjórnarinnar frá síðasta þingi og gerð grein fyrir framtíðarhorfum. Önnur verkefni þingsins eru m.a. að afgreiða reikninga samtakanna fyrir liðið ár, marka stefnu þeirra, gera fjárhagsáætlun og kjósa stjórn og endurskoðendur samtakanna, sbr. 12. og 18. grein.

Búnaðarþing skal setja sér sérstök þingsköp.

11. grein

Fulltrúar á búnaðarþingi skulu sem hér segir:

Búnaðarsamband Kjalarnesþings 1
Búnaðarsamtök Vesturlands 4
Búnaðarsamband Vestfjarða 3
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda 3
Búnaðarsamband Skagfirðinga 2
Búnaðarsamband Eyjafjarðar 2
Búnaðarsamband Suður-Þingeyinga 2
Búnaðarsamband Norður-Þingeyinga 1
Búnaðarsamband Austurlands 3
Búnaðarsamband Austur-Skaftafellssýslu 1
Búnaðarsamband Suðurlands 7
Félag eggjaframleiðenda 1
Félag ferðaþjónustubænda 1
Félag hrossabænda 1
Félag kjúklingabænda 1
Geitfjárræktarfélag Íslands 1
Landssamband kúabænda 5
Landssamtök sauðfjárabænda 3
Landssamtök skógareigenda 1
Samband garðyrkjubænda 3
Samband íslenskra loðdýrabænda 1
Samtök ungra bænda 1
Svínaræktarfélag Íslands 1
Æðarræktarfélag Íslands 1
Beint frá býli 1
Vernd og ræktun – félag framleiðenda í lífrænum búskap 1

Jafnframt skulu kjörnir með sama hætti jafnmargir varafulltrúar. Sami maður getur ekki verið aðal- eða varafulltrúi fyrir nema eitt aðildarfélag á þinginu.

Við sameiningu aðildarfélaga halda kjörnir fulltrúar þeirra kjörgengi út yfirstandandi kjörtímabil.

Aðildarfélög skulu kjósa fulltrúa á búnaðarþing a.m.k. annað hvert ár úr hópi félagsmanna sem eru jafnframt félagsmenn í Bændasamtökum Íslands. Reglur um kjörið setja aðildarfélögin sjálf en í þeim er heimilt að kveða á um að formaður aðildarfélagsins sé sjálfkjörinn á búnaðarþing.

Á þinginu eiga auk þess sæti stjórn Bændasamtakanna, kosinn endurskoðandi og skoðunarmaður reikninga og þeir starfsmenn samtakanna er stjórnin ákveður. Kjörnir fulltrúar hafa einir atkvæðisrétt,

en aðrir sem rétt eiga til setu á þinginu hafa málfrelsi og tillögurétt í þeim málum er snerta starfssvið þeirra sérstaklega.

Stjórnir aðildarfélaga skulu tilkynna stjórn Bændasamtakanna hverjir séu réttkjörnir þingfulltrúar af þeirra hálfu eigi síðar en 30 dögum fyrir búnaðarþing.

12. grein

Ársfund Bændasamtaka Íslands skal halda þau ár sem búnaðarþing er ekki haldið. Á ársfundi skal stjórn samtakanna leggja fram ársskýrslu sína, taka til afgreiðslu reikninga samtakanna og dótturfélaga þeirra fyrir liðið ár og farið yfir fjárhagsáætlun samtakanna. Á ársfundi Bændasamtaka Íslands skal jafnframt fara yfir stöðu landbúnaðarins í heild og fjalla um önnur þau mál sem stjórn samtakanna telur varða heildarhagsmuni greinarinnar hverju sinni.

Aðildarfélög geta ekki sent mál til umfjöllunar ársfundar. Með atkvæðisrétt á ársfundi fara búnaðarþingsfulltrúar.

Ársfundur Bændasamtaka Íslands er opinn öllum félögum í samtökunum gegn greiðslu þátttökugjalds sem skal ákveðið af stjórn samtakanna.

Til ársfundar skal boða með almennri auglýsingu með a.m.k. 30 daga fyrirvara en búnaðarþingsfulltrúar skulu boðaðir með tryggilegum hætti. Stjórn Bændasamtaka Íslands skipuleggur dagskrá og framkvæmd fundarins.

III. kafli. Stjórn og starfsemi Bændasamtaka Íslands

13. grein

Búnaðarþing kýs stjórn Bændasamtaka Íslands og kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Kjósa skal fimm menn í stjórn bændasamtakanna og fimm til vara með eftirgreindum hætti:

Fyrst skal kosinn formaður í beinni kosningu. Fáir enginn meira en helming greiddra atkvæða skal kosið aftur bundinni kosningu milli þeirra sem flest atkvæði hlutu. Hafi enginn enn fengið meira en helming greiddra atkvæða skal aftur kosið bundinni kosningu milli þeirra sem flest atkvæði hlutu og þannig koll af kalli. Fáist sama niðurstaða í tveimur kosningum í röð skal dregið um hver verður formaður.

Því næst skulu kjörnir fjórir stjórnarmenn. Náist ekki niðurstaða um hverjir séu rétt kjörnir stjórnarmenn í einni umferð í kosningu, skal kosið aftur bundinni kosningu á milli þeirra sem jafnir eru. Ef jafnt verður að nýju skal hlutkesti varpað um hver eða hverjir eru rétt kjörnir stjórnarmenn.

Stjórn skal kjósa sér varaformann.

Að loknu kjöri aðalmanna skal kjósa fimm menn í varastjórn. Sá sem flest atkvæði hlýtur er fyrsti varamaður og svo koll af kalli.

Heimilt er að kjósa uppstillingarnefnd vegna kosninga til stjórnar, hafi tillaga þar um borist eigi síðar en á fyrsta starfsdegi búnaðarþings. Skal tillagan studd af a.m.k. 15% þingfulltrúa og skal hún tekin til einnar umræðu og afgreidd án vísunar til nefndar. Nefndin skal skipuð 5 mönnum.

Þingforsetar gera tillögu um skipan nefndarinnar.

14. grein

Stjórn Bændasamtaka Íslands fer með mál þeirra milli búnaðarþinga og fylgir ályktunum þeirra eftir. Stjórnin ræður framkvæmdastjóra samtakanna. Enn fremur skipar stjórnin fulltrúa Bændasamtakanna til trúnaðarstarfa fyrir samtökin eftir því sem lög, reglur og samningar segja til um. Nú er um að ræða svo mikilsverðar ákvarðanir í kjaramálum eða öðrum hagsmunamálum bændastéttarinnar að stjórn telur

nauðsynlegt að leita eftir afstöðu búnaðarþingsfulltrúa eða bænda almennt. Skal stjórnin þá: Tilkynna búnaðarþingsfulltrúum að hún hyggist láta fara fram atkvæðagreiðslu um málið meðal bænda, og kynna þeim reglur um kjörskrá, sem byggja skal á félagaskrá skv. 4. grein. Búnaðarþingsfulltrúum gefst þá viku frestur til þess að fara fram á aukaping skv. 9. grein.

Stjórn skal kalla saman formannafund, þar sem seturétt eiga formenn allra aðildarféлага Bændasamtakanna, að minnsta kosti einu sinni á ári. Skylt er að kalla saman formannafund ef helmingur formanna aðildarfélaganna óskar þess. Formannafundir eru stefnumarkandi í þeim málum sem þar er fjallað um.

15. grein

Stjórnarfundir skulu haldnir svo oft sem þörf krefur. Í fjarveru stjórnarmanns skal kalla til varamann.

Formaður stýrir fundum stjórnar og er málsvari samtakanna út á við, nema stjórn ákveði að fela öðrum stjórnarmönnum eða starfsmönnum það hlutverk í sérstökum tilvikum. Í forföllum formanns kemur varaformaður fram fyrir hönd samtakanna.

Stjórnin heldur gjörðabók er fundarmenn undirrita.

16. grein

Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands er prókúruhafi samtakanna og annast daglega yfirstjórn þeirra í samræmi við ákvarðanir stjórnar.

Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk samtakanna. Stjórn Bændasamtakanna skal að öðru leyti ráða skipulagi á starfsemi þeirra, að höfðu samráði við framkvæmdastjóra.

17. grein

Fagráð skulu starfa samkvæmt búnaðarlögum og eftir því sem nánar er kveðið á um í verkaskiptasamningum.

Í fagráðum skulu sitja menn úr hópi starfandi bænda og einn ráðunautur í hlutaðeigandi búgrein eða fagsviði. Jafnframt skulu starfa með fagráðum sérfróðir aðilar, er vinna að kynbótum, rannsóknum, leiðbeiningum eða kennslu á hlutaðeigandi sviði. Heimilt er að skipa slíka aðila í fagráð. Verkefni fagráða er að móta stefnu í kynbótastarfi, fræðslumálum og rannsóknum búgreinarinnar í samræmi við verkaskiptasamninga svo og að fjalla um önnur fagleg mál sem þangað er vísað til umsagnar og afgreiðslu.

18. grein

Starfsfé Bændasamtaka Íslands er:

1. Tekjur af sjóða- og/eða félagsgjöldum.
2. Arður af eignum.
3. Þjónustugjöld og annað eigið aflafé.
4. Framlög af fjárlögum til starfsemi sem samtökunum er falin með lögum eða með stjórnvaldsfyrirmælum sem stoð hafa í lögum.

Ef Bændasamtökin taka að sér verkefni sem greitt er fyrir að hluta eða öllu leyti af opinberu fé, skulu þau skýrt afmörkuð í skipulagi samtakanna og hafa sérgreindan fjárhag.

19. grein

Búnaðarþing eða ársfundur skal á ári hverju kjósa einn löggiltan endurskoðanda Bændasamtaka Íslands og annan til vara. Þá skal kjósa einn skoðunarmann reikninga og annan til vara. Reikningsár samtakanna er almanaksárið. Löggiltur endurskoðandi skal framkvæma venjubundna endurskoðun og skoðunarmaður skal auk þeirrar endurskoðunar sem talin er nauðsynleg, kynna sér starfsemi samtakanna yfirleitt og gera sérstaklega grein fyrir þeim frávikum er kunna að verða frá fjárhagsáætlun búnaðarþings

eða ársfundar. Þeir skulu eiga aðgang að öllum skjölum samtakanna og er stjórn og starfsmönnum þeirra skylt að veita þeim þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar starfsins.

20. grein

Stjórnir aðildarfélaganna skulu vera stjórn Bændasamtaka Íslands til aðstoðar um allt það er að samtökunum lýtur og sinna þeim verkefnum er hún kann að fela þeim.

IV. kafli. Breytingar á samþykktum

21. grein

Samþykktum þessum má aðeins breyta á búnaðarþingi og þarf til þess samþykki a.m.k. 2/3 hluta þingfulltrúa.

Þannig samþykkt á búnaðarþingi 5. mars 2018.

Þingsköp búnaðarþings

1. grein

Formaður stjórnar Bændasamtakanna setur búnaðarþing og stjórnar kosningu kjörbréfanefndar, sbr. 2. grein, og stýrir fundi þar til kosning embættismanna þingsins, þ.e. forseta og varaforseta, sbr. 3. grein, hefur farið fram.

Að kosningu lokinni skulu formaður og framkvæmdastjóri flytja skýrslur sínar og að því búnu skulu leyfðar almennar umræður.

2. grein

Stjórn Bændasamtakanna skal skipa þriggja manna kjörbréfanefnd áður en búnaðarþing kemur saman. Hún skal ljúka störfum áður en þing hefst. Hún leggur fram tillögur sínar áður en fyrsta fundi þingsins lýkur og skal á þeim fundi úrskurða kosningu þingfulltrúa, eftir því sem við á.

Að loknum kosningum til búnaðarþings skal kæra út af kosningu þingfulltrúa berast stjórn Bændasamtakanna að minnsta kosti tveimur vikum áður en þingið er sett.

3. grein

Þegar kjörbréf hafa verið afgreidd og úrskurðuð skal kjósa forseta þingsins og tvo varaforseta ásamt skrifurum. Í forföllum forseta ganga varaforsetar að öllu leyti í hans stað, eftir hans ákvörðun.

4. grein

Að lokinni kosningu embættismanna og almennum umræðum skulu kosnar starfsnefndir. Að jafnaði skulu eftirtaldar nefndir starfa:

1. Allsherjarnefnd.
2. Búfjárræktar- og fagráðanefnd.
3. Félagsmálanefnd.
4. Fjárhagsnefnd.
5. Framleiðslu- og markaðsnefnd.
6. Kjaranefnd.
7. Umhverfis- og jarðræktarnefnd.

Enginn þingfulltrúi má eiga sæti í fleiri en einni þessara nefnda.

Heimilt er að kjósa aðrar nefndir til að kanna einstök mál eða málaflokka, þá er einnig heimilt að sameina einstakar nefndir sé það talið henta.

Í hverri nefnd skulu sitja að lágmarki þrjú þingfulltrúar.

Formaður stjórnar Bændasamtakanna og forseti þingsins geta verið undanþegnir setu í starfsnefndum. Fulltrúar, sem óska eftir setu í einhverri sérstakri nefnd, komi þeim óskum á framfæri við stjórn a.m.k. 25 virkum dögum fyrir búnaðarþing.

5. grein

Um frest til að skila málum fer eftir samþykktum samtakanna. Málum skal skila til stjórnar Bændasamtakanna. Stjórn Bændasamtakanna getur með rökstuðningi endursent mál til frekari úrvinnslu. Þá skal hlutaðeigandi hafa 14 daga frest til að gera úrbætur. Þó getur þingið samþykkt að taka fyrir mál sem síðar koma fram. Þá getur stjórn Bændasamtakanna lagt til við nefndir í upphafi þings að tiltekin mál fái ekki efnislega meðferð heldur verði vísað beint til stjórnar án umræðu.

Miða skal við að fundargögn berist fulltrúum eigi síðar en 10 dögum fyrir setningu þings. Í þingbyrjun skal leggja fram skýrslu starfsmanna og ársreikninga Bændasamtakanna fyrir liðið ár. Á

sama hátt skulu í þingbyrjun lögð fram þau mál sem borist hafa. Þau mál, sem liggja fyrir Alþingi er landbúnaðinn og bændastéttina varða, skulu lögð fyrir í þingbyrjun þyki ástæða til að fjalla um þau.

6. grein

Á fyrsta fundi hverrar nefndar skal kosinn formaður og varaformaður sem jafnframt er ritari. Nefnd lætur uppi álit sitt og skal fjölrita það og útbýta því meðal þingfulltrúa áður en málið er tekið til umræðu á þinginu. Nefndarálit skal undirritað af nefndarmönnum og tilgreint hver sé framsögumaður. Nefnd getur lagt til, með rökstuðningi, að mál, sem vísað er til hennar, verði tekin út af dagskrá þingsins og vísað til stjórnar Bændasamtakanna. Um slíka tillögu fer atkvæðagreiðsla fram umræðulaust.

Stjórn Bændasamtakanna getur falið einstökum starfsmönnum samtakanna að aðstoða einstakar nefndir við störf þeirra.

7. grein

Forseti stýrir umræðum á þinginu og kosningum þeim er þar fara fram. Skal hann færa mælendaskrá og gefa þingfulltrúum og þeim öðrum, er málfrelsi hafa, færi á að taka til máls í þeirri röð sem þeir beiðast þess. Þó má hann víkja frá þeirri reglu er sérstaklega stendur á. Nú vill forseti taka þátt í umræðum frekar en forsetastaða hans krefur, vísar hann þá úr forsetastól, en varaforseti tekur við fundarstjórn á meðan. Forseta er heimilt að takmarka ræðutíma þingfulltrúa.

8. grein

Í upphafi hvers þingfundar skal útbýta dagskrá fundarins. Forseti getur tekið mál út af dagskrá og tekið ný mál á dagskrá er sérstaklega stendur á. Þingfulltrúi getur, meðan á umræðum stendur, krafist þess að mál verði tekið út af dagskrá. Um slíka tillögu fer atkvæðagreiðsla fram umræðulaust.

9. grein

Stjórn Bændasamtakanna tilnefnir einn af starfsmönnum þeirra til þess að færa fundargerð þingsins undir stjórn forseta.

Fundargerðir skulu frágengnar svo fljótt sem verða má. Þær skulu bornar upp og samþykktar og síðan undirritaðar af forseta. Jafnframt er forseta heimilt að leita samþykkis á því að fundargerð sé send þingfulltrúum til staðfestingar.

10. grein

Málum, sem lögð eru fram á þinginu, skal vísað til nefndar umræðulaust. Forseta er heimilt að leyfa flutningsmanni að reifa málið með stuttri ræðu.

Heimilt er að hafa búnaðarþing lokað um einstök mál. Slíkt skal á valdi þingsins hverju sinni.

Þingforseti hefur rétt til að vísa málum aftur til nefndar til frekari úrvinnslu.

Komi fram fyrirspurnir til stjórnar eða starfsmanna Bændasamtakanna má forseti ákveða eina umræðu um þær. Sá, sem fyrirspurninni er beint til, hefur sama rétt til ræðutíma og framsögumenn nefnda.

11. grein

Þingfulltrúar hafa rétt til þess að tjá sig um öll mál sem eru til meðferðar á þinginu. Stjórnarmenn Bændasamtakanna hafa málfrelsi og tillögurétt eins og hinir kjörnu þingfulltrúar.

Starfsmönnum Bændasamtakanna, endurskoðanda og skoðunarmanni er heimilt að tala í þeim málum sem snerta starfssvið þeirra sérstaklega. Auk þess er þeim heimilt að gefa stuttar upplýsingar, ef þingfulltrúar óska þess, eða gera stuttar athugasemdir til þess að bera af sér sakir.

Forseti getur lagt til að umræðu sé hætt. Sama rétt hafa þingfulltrúar. Um slíka tillögu fer atkvæðagreiðsla fram umræðulaust.

12. grein

Kjörnir þingfulltrúar hafa einir atkvæðisrétt á þinginu. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó þarf minnst 1/3 atkvæða allra þingfulltrúa til þess að samþykkja ályktanir svo að gildar séu. Enga ályktun má gera nema minnst 2/3 þingfulltrúa séu á fundi.

13. grein

Allir félagsmenn í Bændasamtökum Íslands eru undantekningalaust í kjöri til trúnaðarstarfa á vegum samtakanna. Sé skipuð uppstillinganefnd samkvæmt 12. grein samþykkt Bændasamtaka Íslands skal hún skila tillögu um jafnmarga einstaklinga og kjósa skal hverju sinni. Takist það ekki tekur þingið tillögu nefndarinnar ekki til meðferðar.

14. grein

Forseti stýrir atkvæðagreiðslu og kveður menn sér til aðstoðar eftir þörfum til að telja saman atkvæði.

Atkvæðagreiðsla fer að jafnaði fram með handaruppréttingu. Heimilt er að viðhafa leynilega atkvæðagreiðslu um einstök mál ef sérstakar aðstæður kalla á slíkt. Ef þingfulltrúi óskar þess skal atkvæðagreiðsla þó fara fram með nafnakalli. Ennfremur er forseta heimilt að endurtaka atkvæðagreiðslu með nafnakalli ef hann telur þess þörf. Kjör stjórnar skal fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu.

15. grein

Skylt er þingfulltrúum að sækja alla fundi þingsins nema nauðsyn banni. Forseta er heimilt að veita þingfulltrúa fjarvistarleyfi, þó ekki lengur en einn dag nema þingið samþykki. Varafulltrúar taki sæti aðalfulltrúa í forföllum þeirra, með samþykki forseta.

16. grein

Skylt er þingfulltrúum og öðrum, er rétt hafa til að sitja þingið, að lúta valdi forseta í öllu er lýtur að því að gætt sé góðrar reglu.

Víki þingfulltrúi eða aðrir, sem málfrelsi hafa, með öllu frá umræðuefninu í umræðum mála, skal forseti víta það. Ef hlutaðeigandi sinnir ekki slíkri ábendingu, þó að hún sé ítrekuð, má forseti svipta hann málfrelsi á þeim fundi í því máli sem um er rætt.

17. grein

Stjórn Bændasamtakanna ræður þinginu skrifstofustjóra úr hópi starfsmanna þeirra. Skrifstofustjóri þingsins er forseta til aðstoðar við þinghaldið. Hann annast m.a. skráningu þingskjala, umsjón með skrifstofuvinnu vegna þinghaldsins, útgáfu og dreifingu þingskjala. Þá skal hann í samráði við stjórn hlutast til um nauðsynlega gagnasöfnun vegna afgreiðslu þeirra mála er berast á tilsettum tíma fyrir þingsetningu.